



Tilkynning um stjórnslukæru nr_ 52_2025_ Upplýsingar óskast um hagsmunaaðila_ Kæra vegna grenndarstöðvar við horn Hrannars

Búið til	28.4.2025 12:55:23
Höfundur	Magnea Lillý Friðgeirsdóttir
Móttekið dags.	28.3.2025 11:27:42
Tilheyrir	USK25030411 - Stjórnslukæra 52/2025 - Hrannarstígur - Grenndarstöð

Efni

Tilkynning um stjórnslukæru nr_ 52_2025_ Upplýsingar óskast um hagsmunaaðila_ Kæra vegna grenndarstöðvar við horn Hrannars

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	28.3.2025 11:27:42	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	00.15.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttækin 27. mars 2025 ásamt fylgigögnum (sjá m.a. vefslóð í meðfylgjandi tölvupósti), þar sem kærð er ákvörðun Reykjavíkurborgar að koma fyrir tveimur lausum söfnunargámum ofanjarðar á skipulögðu grenndarsvæði um djúpgáma við Hrannarstíg.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, **p. á m. fundargerðir, uppdrættir, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir**, og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Upplýsingar óskast um þriðja aðila þ. á m. netfang og/eða símanúmer, sem allra fyrst.

Óskast staðfest um móttöku.

Međ kveđju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ;
sp; ;
Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Frá: Davíð Örn Guðnason [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 27. mars 2025 15:58
Til: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>
Efni: Kæra vegna grenndarstöðvar við horn Hrannarstígar og Öldugötu, Rvk.

Sæl.

Meðfylgjandi er kæra vegna grenndarstöðvar á horni Hrannarstígs og Öldugötu í Reykjavík.

Fyrsta fylgiskjalið er of stórt til að senda með tölvupósti en finna má það í pdf-formi á vefslóðinni
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Landakotsreitur_1.pdf

Þá eru fylgiskjöl 3-5, 7 og 9 í tölvupóstformi inni í zip-fæl sem er meðfylgjandi.

Kveðja,

Davíð Örn Guðnason, lögmaður.

Löggarður lögmannsstofa,
Suðurlandsbraut 30, 3. hæð, 108 Reykjavík,

s. 568-1636 [REDACTED]
[REDACTED]



LÖGGARÐUR EHF.

Stofnað 1985

Guðni Á. Haraldsson hrl., Davíð Guðnason lögmaður

KÆRA

Reykjavík, 27. mars 2025

Efni: Kæra nágranna um staðsetningu ofanjarðar söfnunargáma við grenndarstöð að Hrannarstíg, 101 Reykjavík. Krafa um að gámar verði fjarlægðir.

1. Hin kærða ákvörðun

Kærð er ákvörðun Reykjavíkurborgar að koma fyrir tveimur lausum söfnunargámum ofanjarðar á skipulögðu grenndarsvæði um djúpgáma (niðurgrafna söfnunargáma) við Hrannarstíg, Reykjavík.

2. Aðild kæranda og lögvarðir hagsmunir

Kærandi er Fjalar Kristínsson, [REDACTED] eigandi að einbýlishúsinu að Öldugötu 24, 101 Reykjavík, sem stendur við götuhorn að grenndarstöð við Hrannarstíg, 101 Reykjavík. Er húsið heimili kæranda og fjölskyldu hans. Kærandi og fjölskylda hans eiga daglega leið hjá umræddri grenndarstöð til að komast til og frá húsinu. Þá er grenndarstöðin í sjónlínu frá húsinu. Verður kærandi fyrir ónæði og óþægindum vegna núverandi fyrirkomulags á grenndarstöð og því á hann lögvarða hagsmuni að gæta í máli þessu.

3. Fyrirvar

Davíð Örn Guðnason, lögmaður, kemur fram fyrir hönd kæranda í máli þessu og er kæran send í nafni kæranda.

4. Kröfur kæranda

Kærandi gerir aðallega þá kröfu að staðsetning tveggja söfnunargáma ofanjarðar á skipulögðu grenndarsvæði um djúpgáma (niðurgrafna söfnunargáma) við Hrannarstíg, Reykjavík, verði úrskurðuð ólögmat og að Reykjavíkurborg verði gert að fjarlægja umrædda gáma.

Til vara er þess krafist að ákvörðun Reykjavíkurborgar að staðsetja tvo söfnunargáma ofanjarðar á skipulögðu grenndarsvæði um djúpgáma (niðurgrafna söfnunargáma) við Hrannarstíg, Reykjavík, verði úrskurðuð ógild og Reykjavíkurborg verði gert að taka málið aftur til efnislegrar meðferðar.

5. Málavextir

Með deiliskipulagsbreytingu var bílastæðum við horn Hrannarstígs og Öldugötu, Reykjavík, breytt úr notum fyrir bílastæði yfir í grenndarstöð sem skv. breytingunni átti eingöngu að innihalda djúpgáma, þ.e. niðurgrafna gáma. Var deiliskipulagið auglýst og birt í Stjórnartíðindum þann 13. október 2022.

Nýlega fór að bera á staðsetningu tveggja lausra dósa- og textíl gáma á sömu grenndarstöð. Kærandi sendi erindi á Reykjavíkurborg þann 19. desember sl. þar sem óskað var skýringa á þessu fyrirkomulagi sem færir gegn gildandi deiliskipulagi.

Í svari samdægurs frá lögfræðingi á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar kom eftirfarandi fram:

„Borgin fellst á að heppilegt hefði verið að fram hefði komið í grenndarkynningargögnum að hugsanlega myndu ofanjarðargámar bættast við grenndarstöðina á síðari stigum.“

Var það engu að síður ekki gert, hvorki fyrr né síðar. Taldi Reykjavíkurborg í svari sínu að borginni væri þetta fyrirkomulag heimilt og að ekki þyrfti að grenndarkynna það né skipuleggja.

Með erindi 28. febrúar sl. færði kærandi fram þá kröfu að umræddir ofanjarðargámar við grenndarstöðina væru fjarlægðir. Með svari Reykjavíkurborgar, 17. mars sl., var vísað til fyrra svars borgarinnar frá 19. desember. Hefði borgin ekki breytt afstöðu sinni og hyggðist ekki fjarlægja umrædda ofanjarðargáma. Jafnframt var það mat borgarinnar að ekki væri um kæránlega ákvörðun að ræða.

Því neyðist kærandi til að leggja kæru þessa fram til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA).

6. Málsástæður

Líkt og fram kom í svari Reykjavíkurborgar, dags. 19. desember sl., hefðu söfnunargámar þessir og staðsetning þeirra einnig átt að lúta grenndarkynningu en svo var ekki gert. Grenndarkynning grenndarstöðvarinnar fól í sér kynningu á niðurgröfnum söfnunargámum (djúpgámum) sem hefðu í för með sér minna rask og að þeir myndu falla betur að nærumhverfi sínu innan íbúðarhverfisins. Hinir umdeildu söfnunargámar, sem eru lausir gámar ofanjarðar, gera það hins vegar ekki og skera sig verulega úr nærumhverfinu með tilheyrandi lýti og óþægindum fyrir íbúa.

Ef lítið er til fyrirkomulags deiliskipulags á grenndarstöðinni má sjá að þar eru eingöngu sýndar myndir af niðurgröfnum söfnunargámum. Í texta á kynningu deiliskipulagsins er eingöngu talað um niðurgrafna gáma eða djúpgáma. Samhliða því er rökstuðningur í kynningunni á þann veg að:

„Stöðin verður niðurgrafin þannig að gámar verða undir yfirborði og móttökulúga ofanjarðar en slík lausn þykir hentugur kostur þar sem landrými er takmarkað vegna þess að þær taka minn pláss á yfirborði auk þess sem þær þykja snyrtilegur og aðgengilegur valmöguleiki...”

Umsagnir íbúa í deiliskipulagsferlinu voru að jafnaði neikvæðar, oftar en ekki verulega neikvæðar. Lýstu íbúar í nágrenni hinnar fyrirhuguðu grenndarstöðvar áhyggjum sínum af rusli og óþrifnaði við hina fyrirhuguðu grenndarstöð.

Í athugasemdum og mótsvörum Reykjavíkurborgar, dags. 1. september 2022, er ítrekað vísað til þess að um djúpgáma sé að ræða og virðast allar forsendur og ákvarðanataka í skipulagsferlinu hafa miðast við það. Var þetta enn fremur staðfest í samskiptum kæranda við Reykjavíkurborg, sjá fylgiskjal nr. 5.

Sú staðreynd að nú séu komnir tveir lausir söfnunargámar ofanjarðar kollvarpar öllum forsendum þessa deiliskipulags og í raun verður að telja það fela í sér forsendubrest fyrir deiliskipulagi grenndarstöðvarinnar. Ljóst er af neikvæðum umsögnum íbúa að það hefði skipt miklu máli í ferlinu að upplýsa að síðar meir kynnu að koma lausir ofanjarðargámar enda fela þeir í sér verulegt stílbrot við lýsingar og forsendur framangreinds skipulags. Núverandi aðstæður eru bæði meiri að umfangi með hinum nýtilkomnu lausu ofanjarðargámum en auk þess fela þeir líkt og fyrr sagði í sér verulegt frávík frá fyrr kynntu deiliskipulagsefni um lýsingu á aðstæðum og fyrirkomulagi á staðsetningu gáma neðanjarðar. Að mati undirritaðs er þetta svo mikil breyting frá kynntu deiliskipulagi og kynningarefni þess að umræddir ofanjarðargámar geta ekki talist hafa lögmætar forsendur fyrir núverandi staðsetningu. Í raun má ganga svo langt að halda því fram að þeir standi leyfislausir á núverandi staðsetningu.

Þá er einnig vísað til þess að endurnýtingarstöð Sorpu við Ánanaust er í nokkur hundruð metra fjarlægð en sú stöð gegnir sama hlutverki við flokkun á textíl og drykkjarílátum. Væri því enginn skaði skeður fyrir íbúa nærumhverfisins að sækja sér þjónustuna þangað. Að sama skapi styður nálægð endurnýtingarstöðvarinnar þau sjónarmið að umræddir lausir ofanjarðargámar eru óþarfir og að það feli í sér óþarflega íþyngjandi aðstæður fyrir

nærleggjandi íbúa að þeir séu staðsettir á grenndarstöð sem sérstaklega var kynnt til að innihalda eingöngu niðurgrafna djúpgáma.

Um lagaheimildir er aðallega vísað til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 44. gr. sömu laga. Það er augljóst að einhverskonar formlegur breytingarferill hefði átt að eiga sér stað við þessa breytingu, a.m.k. grenndarkynning sbr. framangreind ákvæði og mögulega deiliskipulagsbreyting í samræmi við 1. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010.

Núverandi fyrirkomulag á sér ekki stoð í löglegri framkvæmd og fer í raun þvert gegn öllum lýsingum á gildandi deiliskipulagi viðkomandi reits. Verður að telja að það hafi verið grundvallar forsendur skipulagsins að gámar á reitnum væru niðurgrafnir djúpgámar. Með hliðsjón af þessum forsendum skipulagsins er því alfarið hafnað að tilkoma þessa nýju gáma sé á einhvern hátt minniháttar, þvert á móti verður hún meiri háttar þegar hliðsjón er höfð af forsendum skipulagsins.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er því haldið fram að ekki sé um kæránlega ákvörðun að ræða en því er mótmælt af hálfu kæranda. Það að koma fyrir lausum ofanjarðargámum var stjórnvaldsákvörðun sem var tekin eftir að búið var að gefa út deiliskipulagið, auglýsa það og byggja umrædda grenndarstöð. Var því um sjálfstæða stjórnvaldsákvörðun að ræða þess efnis. Þá ber einnig að nefna að um er að ræða viðvarandi og ólöglegt ástand viðkomandi ofanjarðargáma og er kærandi því í fullum rétti á að fá endurskoðun á þeirri ákvörðun. Þessu til stuðnings er vísað til almennra sjónarmiða stjórnsýsluréttar um kærueimildir, þ. á m. almennu kærueimild stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ásamt kærueimild í lögum um ÚUA nr. 130/2011. Þá er einnig vísað til afstöðu og upplýsingagjafar Reykjavíkurborgar um að ekki væri um kæránlega ákvörðun að ræða sbr. einnig 1. tölulið 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til lengingar á kærufresti ef þörf krefur.


Verði kæru þessari vísað frá þar sem ekki hafi verið réttilega staðið að breytingu deiliskipulags vegna umræddra gáma er þess óskað að ítarlegar skýringar þess efnis komi fram í úrskurði ÚUA.

7. Annað

Óskað er afhendingar á afstöðu Reykjavíkurborgar til gerðar athugasemda af hálfu kæranda áður en ákvörðun verður tekin í máli þessu af hálfu ÚUA.

Virðingarfyllst,

f.h. kæranda,



Davíð Örn Guðnason, lögmaður

Fylgiskjöl:

1. Deiliskipulagskynning á grenndarstöð og umsagnir nágranna.
2. Undirritað deiliskipulag með útskýringum.
3. Mynd af nálægri grenndarstöð með engum lausum ofanjarðargámum.
4. Mynd af grenndarstöðinni að Hrannarstíg með lausum ofanjarðargámum.,
5. Samskipti kæranda við Reykjavíkurborg um fjölda gáma.
6. Bréf frá lögmanni kæranda til Reykjavíkurborgar.
7. Svar Reykjavíkurborgar, 19. des 2024, ásamt frekari tölvupóstsamskiptum.
8. Erindi kæranda, dags. 28. febrúar 2025, með kröfu til Reykjavíkurborgar.
9. Svar Reykjavíkurborgar, 17. mars 2025.



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2025
USK25030411

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 52/2025, vegna kæru Fjalars Kristinssonar, Öldugötu 24, 101 Reykjavík, dags. 27. mars 2025 þar sem kærð er sú ákvörðun Reykjavíkurborgar að staðsetja ofanjarðar söfnunargáma við grenndarstöð að Hrannarstíg, 101 Reykjavík.

Málavextir

Deiliskipulagsbreytingin *Landskotsreitir, grenndarstöð* var samþykkt af Umhverfis- og skipulagsráði þann 14. september 2022 og grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til 20. júní 2022. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 13. október 2022. Breytingin fól í sér að afmörkuð var lóð fyrir grenndarstöð við horn Hrannarstígs og Öldugötu. Við breytinguna var bílastæðum í borgarlandi fækkað um 5 og í stað þeirra var afmörkuð lóð og byggingareitur fyrir grenndarstöð (gáma/djúpgáma). Framkvæmdum vegna grenndarstöðvarinnar lauk síðari hluta árs 2023 og var stöðin tekin í notkun um miðja desember 2023. Þann 18. júlí 2024 var lausum yfirborðsgámi til söfnunar á textíl komið fyrir innan lóðar grenndarstöðvarinnar og í byrjun október var gámi fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir bætt við.

Kærandi sendi kvörtun til Reykjavíkurborgar vegna textíl gámsins þann 24. ágúst 2024 og fór fram á að hann yrði fjarlægður. Kvörtuninni var svarað þann 16. október 2024 með þeim hætti að ekki væri mögulegt að fjarlægja gáminn þar sem um væri að ræða þjónustu sem borginni sé skylt að veita í nærumhverfi íbúa. Kærandi andmælti þeirri afstöðu í erindi þann 27. október 2024 og fór jafnframt fram á að gámur fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir yrði einnig fjarlægður. Reykjavíkurborg ítrekaði neitun sína um að fjarlægja gámana í erindi þann 19. desember 2024.

Kröfugerð

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfu kæranda verði vísað frá. Til vara krefst Reykjavíkurborg þess að kröfu kæranda verði hafnað og að nefndin staðfesti hina kærðu ákvörðun.

Málsástæður og lagarök kæranda

Varðandi málsástæður og lagarök kæranda vísast til kæru en kærandi krefst þess að staðsetning tveggja ofanjarðar söfnunargáma á skipulögðu grenndarsvæði við Hrannarstíg verði úrskurðuð ólögsmæt og að Reykjavíkurborg verði gert að fjarlægja gámana. Til vara krefst kærandi þess að Reykjavíkurborg verði gert að taka málið aftur til efnislegrar meðferðar.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Tekur úrskurðarnefndin því lögsmæti kærðar ákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða leggur fyrir stjórnvöld að framkvæma tilteknar athafnir. Samkvæmt



Reykjavík



framangreindu fer Reykjavíkurborg fram á að úrskurðanefndin vísi frá kröfum kæranda enda verður að líta svo á að ekki sé til að dreifa kæranlegri stjórnvaldsákvörðun sem skotið verður til úrskurðarnefndarinnar, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fallist nefndin ekki á þá kröfu Reykjavíkurborgar er farið fram á að kröfu kæranda sé hafnað á grundvelli eftirfarandi röksemda.

Kærufrestur liðinn

Líkt og áður hefur komið fram var lausum yfirborðsgámi til söfnunar á textíl komið fyrir innan lóðar grenndarstöðvarinnar að Hrannarstíg/Öldugötu í júlí 2024. Þá var yfirborðsgámi til söfnunar á skilagjaldsskyldum umbúðum komið fyrir á lóð grenndarstöðvarinnar í október 2024. Kærandi er búsettur við götuhorn að grenndarstöðinni við Hrannarstíg og ætti því að hafa vitneskju um framkvæmdina nær samstundis líkt og kvartanir hans bera með sér en kvörtun kæranda um fyrri gáminn barst þann 24. ágúst 2024 og um síðari gáminn þann 27. október sama ár. Sé það mat ÚUA að ráðstöfun borgarinnar á lausum ofanjarðar gámum innan lóðar grenndarstöðvarinnar við Hrannarstíg sé stjórnsýsluákvörðun er því ljóst að kæran er of seint fram komin og ber því að vísa henni frá, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011.

Skipulagsskylda

Reykjavíkurborg hafnar alfarið þeirri staðhæfingu kæranda að í svari borgarinnar dags. 19. desember 2024, hafi verið fallist á að umræddir ofanjarðargámar hefðu átt að lúta grenndarkynningu. Í tilvísuðu erindi segir að heppilegt hefði verið að fram hefði komið í grenndarkynningargögnum að hugsanlega myndu ofanjarðargámar bætast við grenndarstöðina á síðari stigum. Enda lá sá möguleiki ávalt fyrir hendi í ljósi lögbundinnar skyldu sveitarfélagsins til að veita umrædda þjónustu. Ekki lá þó fyrir ákvörðun um slíka ráðstöfun á þeim tímapunkti sem grenndarstöðin var skipulögð og kynnt enda leið tæpt ár frá því að deiliskipulagsbreytingin var kynnt þar til gámum fyrir textíl og skilagjaldsskyldar umbúðir var komið fyrir innan lóðarinnar. Grenndarkynningin endurspeglar því réttilega allar þær breytingar sem voru fyrirhugaðar á þeim tíma og deiliskipulagsbreytingin fól í sér. Var uppsetning grenndarstöðvarinnar því í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags þar sem teknar eru ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingareiti og byggðamynstur sem og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa, sbr. 1. mgr. 37 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulag skal gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Í deiliskipulaginu *Landakotsreitur, grenndarstöð* er skilgreind lóð fyrir grenndarstöð sbr. ofangreint. Staðsetning söfnunargáma innan skilgreindrar lóðar grenndarstöðvar er því í samræmi við lóðanotkun reitsins.

Þá teljast lausir yfirborðsgámar ekki til mannvirkja í skilningi byggingareglugerðar nr. 112/2012 en samkvæmt reglugerðinni eru mannvirki „*Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, [...]. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar*“, sbr. 55. tl. 1.2.1. gr. Yfirborðsgámarnir eru því hvorki byggingarleyfisskyld framkvæmd skv. 2.3.1. gr. byggingareglugerðar né tilkynningarskyld mannvirkjagerð skv. 2.3.6. gr. reglugerðarinnar. Að sama skapi þarf ekki að skilgreina byggingarreit fyrir staðsetningu þeirra.



Reykjavík



Þá getur staðsetning lauss yfirborðsgáms ekki talist framkvæmdaleyfisskyld í skilningi Skipulagslaga enda ekki um að ræða meiri háttar framkvæmd sem hefur áhrif á umhverfið og breytir ásýnd þess, s.s. breytingu lands með jarðvegi eða efnistöku, sbr. 1. mgr. 13. gr. Skipulagslaga.

Loks er umrædd ráðstöfun ekki háð veitingu stöðuleyfis þar sem þess er einungis krafist þegar gámi er ætlað að standa utan skipulagðs svæðis fyrir slíka hluti, sbr. 9. tl. 60. gr. mannvirkjalaga. Hér er hins vegar um að ræða lóð sem er sérstaklega skilgreind fyrir þjónustu grenndarstöðvar, þ.e. hýsing söfnunargáma.

Þar sem að heimilt er að veita þjónustu tengda söfnun á heimilisúrgangi innan lóðarinnar og sú aðgerð að staðsetja lausan ofanjarðar gám til söfnunar kallar hvorki á skilgreiningu byggingarreits né útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða stöðuleyfis, þá var ekki þörf á breytingu deiliskipulagsins þar sem ráðstöfunin rúmast innan heimilda þess.

Lögbundin þjónusta

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórn skyld að ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi. Ber hún ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang. Þá skal hún koma upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi en sérstök söfnun skal vera a.m.k. á pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma, sbr. 1. mgr. 10. gr. sömu laga.

Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Þar er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorphílata og sambærileg atriði. Í gildi er samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1316/2024. Samkvæmt 2. og 3. gr. samþykktarinnar ber Reykjavíkurborg ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og sér um söfnun á heimilisúrgangi í Reykjavík. Þá segir í 2. mgr. 3. gr. að sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis sé skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem Reykjavíkurborg ákveður. Grenndarstöðvar skulu staðsettar þar sem aðgengi er gott hvort sem er fyrir gangandi, hjólandi eða akandi og skulu vera í nærumhverfi íbúa. Jafnframt skal þéttleiki grenndarstöðva vera þannig að gætt sé jafnræðis m.t.t. aðgengis íbúa, sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykktarinnar.

Umboðsmaður Alþingis hefur túlkað heimild sveitarfélaga til að mæla fyrir um fyrirkomulag á söfnun og eyðingu úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs sem svo að ljóst sé að Alþingi hafi ætlað sveitarfélögum ákveðið svigrúm um það hvernig þau höguðu þeirri þjónustu sem þau veittu í tengslum við meðhöndlun úrgangs samkvæmt lögunum.¹ Heimildum sveitarfélaganna er að sama skapi veitt mikið vægi í úrskurðum ÚUA. Þannig segir í fjölmörgum úrskurðum ÚUA að ofangreind fyrirmæli 1. og 2. mgr. 8. gr. taki mið af því að meðhöndlun sorps er grunnþjónusta í sveitarfélagi. „Hún þarf að vera í föstum skorðum og er þess eðlis að hún má ekki falla niður þótt einhverjir íbúar nýti sér hana ekki og að sama skapi er íbúum ekki í sjálfsvald sett hvort þeir nýti sér þjónustuna eða ekki.“²

¹ Sjá álit umboðsmanns Alþingis nr. 5184/2007.

² Sjá m.a. úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála nr. 44/2024.




Þá eru til mörg fordæmi þar sem að ÚUA hefur staðfest greiðsluskyldu vegna reksturs grenndar- og móttökustöðva óháð því hvort að aðili nýtir sé þjónustu eða hún sé staðsett í talsverðri fjarlægð frá viðkomandi³. Sjá m.a. úr niðurstöðu úrskurðar nr. 66/2024:

Þjónustan er þess eðlis að hún má ekki falla niður þótt einhverjir íbúar nýti sér hana ekki, enda er sveitarfélagi beinlínis skylt að innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. áður tilvitnað ákvæði 23. gr. laganna. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum tekur umdeilt gjald mið af áætluðum kostnaði sveitarfélagsins við veitta þjónustu vegna sorphirðu og tæmingu rotþróa.

Ekki leikur vafi á að umrædd þjónusta hafi verið veitt á tilteknum tíma og að umrædd gjaldtaka eigi sér stoð í fyrrgreindum lögum, reglugerð og samþykkt sveitarfélagsins.

Með sama hætti hefur ÚUA staðfest skyldu til að greiða sorphirðugjöld þrátt fyrir að kærandi hafi neitað að taka við sorptunnum og kjósi að flokka allt sorp sjálfur og losa í grenndargáma eða í söfnunarstöðvar, enda stendur sú þjónusta honum til boða eins og öðrum íbúum sveitarfélagsins.⁴

Stefna Reykjavíkurborgar er að grenndarstöðvar á borgarlandi séu í hámark 500 m göngufjarlægð frá íbúum. Næstu stöðvar fyrir gamla vesturbæinn eru við gamla JL-húsið, Vesturbæjarlaug og á Freyjutorg. Greining á fjarlægð í næstu grenndarstöð leiðir í ljós að gönguleið að grenndarstöð í gamla Vesturbæ er yfir 500 m á mjög stóru svæði, og allt að 850 m við Garðastræti, sbr. neðangreinda mynd og hafa íbúar í gamla Vesturbæ reglulega kallað eftir bættri þjónustu í nærumhverfi sínu í gegnum árin.




Að mati Reykjavíkur kemur endurvinnslustöð Sorpu við Ánanaust ekki í stað þessarar nærþjónustu. Á neðangreindri mynd má sjá 500m radius þeirra grenndarstöðva þar sem

³ Sjá m.a. úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála nr. 67/2024.

⁴ Sjá úrskurði úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála nr. 18/2024 og 10/2024.



Íbúar geta farið með textíl og skilagjaldsskyldar umbúðir auk endurvinnslustöðvarinnar við Ánanaust. Radíus grenndarstöðvarinnar við Hrannarstíg er blálitaður. Líkt og myndin sýnir verður rof á þjónustu borgarinnar á stóru svæði í miðbænum yrðu umræddir gámar fjarlægðir. Verður að telja að hagsmunir þess mikla fjölda íbúa af því að hafa gott aðgengi að lögbundinni þjónustu skuli vega þungt. Kærandi hefur ítrekað bent á að yfirborðsgámum fyrir textíl og skilagjaldsskyldar umbúðir hefur ekki verið komið fyrir við grenndarstöðina að Óðinstorgi og talið það fordæmi við kröfum sínum. Þess ber þó að geta að ekki eru gámar á yfirborði við stöðina við Óðinstorg sökum plássleysis. Gámi við tímabundið komið fyrir við stöðina er hann var talinn hindra sjónlínur og var því fjarlægður með hliðsjón af umferðaröryggi. Ekki er um sambærilega hættu að ræða á Hrannarstíg.



Reykjavíkurborg ítrekar að með því að staðsetja umrædda ofanjarðar gáma á lóð þegar skilgreindrar grenndarstöðvar er borgin að sinna lögbundnu hlutverki sínu við sérstaka söfnun úrgangs og er framkvæmdin hvorki byggingarleyfisskyld né háð breytingu á deiliskipulagi. Þá bendir borgin á að íbúar í borg geta ávallt átt von á því að nánasta umhverfi þeirra taki einhverjum breytingum sem geti haft í för með sér skerðingu á útsýni, aukið skuggavarp, umferðaraukningu eða aðrar þær breytingar sem þétting byggðar hefur í för með sér. Verða menn að sæta því að með almennum takmörkunum geti hagsmunir þeirra í einhverju verið skertir.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu á ákvörðun Reykjavíkurborgar um að staðsetja tvo ofanjarðar söfnunargáma á skipulögðu grenndarsvæði við Hrannarstíg og að Reykjavíkurborg verði gert að fjarlægja umrædda gáma eða taka málið til efnislegrar meðferðar á ný. Ítrekar Reykjavíkurborg því þá kröfu sína að úrskurðarnefndin vísi frá eða hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.



Reykjavík



F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Magnea Lillý Friðgeirsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík



Árið 2025, þriðjudaginn 27. maí, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. 52/2025, kæra á afgreiðslum Reykjavíkurborgar frá 18. júlí og október 2024 um að staðsetja lausa söfnunargáma, ofanjarðar, við grenndarstöð að Hrannarstíg.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. mars 2025, er barst nefndinni sama dag kærir Fjalar Kristinsson, eigandi húss að Öldugötu 24, þær afgreiðslur Reykjavíkurborgar frá 18. júlí og október 2024 að staðsetja söfnunargáma, ofanjarðar, við grenndarstöð að Hrannarstíg. Verður að skilja málskot kæranda svo að krafist sé ógildingar hinna kærðu afgreiðslna. Þá er þess krafist að gámarnir verði fjarlægðir.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 12. maí 2025.

Málsatvik og rök: Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 20. apríl 2022 tók gildi breyting á deiliskipulagi Landakotsreits í gamla Vesturbænum í Reykjavík. Í greinargerð kemur fram að breytingin sé fólgin í því að afmörkuð sé lóð fyrir grenndarstöð við horn Hrannarstígs og Öldugötu. Innan lóðarinnar sé afmarkaður byggingarreitur fyrir grenndarstöð (gáma/djúpgáma). Stöðin verði niðurgrafin þannig að gámar verði undir yfirborði og móttökulúga ofanjarðar. Gámarnir verði losaðir með krana og þannig útbúnir að þeir uppfylli Evróputilskipun 2000/14/EC um hávaðamengun og önnur skilyrði um hljóðvist. Var og tekið fram að slík lausn þætti hentugur kostur þar sem landrými væri takmarkað vegna þess að hún tæki minna pláss á yfirborði auk þess sem hún þætti snyrtilegur og aðgengilegur valmöguleiki við skil á endurvinnslu efnum. Útfærsla var sýnd með skýringarmyndum en tekið var fram að ekki væri um endanlega hönnun að ræða. Voru þar sýndir fjórir djúpgámar. Var þeim raðað þétt saman, en hluti lóðarinnar var sýndur auður næst bílastæðum við Hrannarstíg.

Hinn 22. desember 2023 var á vefsíðu Reykjavíkurborgar upplýst um að ný grenndarstöð hefði verið opnuð við fyrrgreind gatnamót. Kom þar fram að um djúpgámastöð væri að ræða og að slík stöð hentaði vel fyrir eldri og þéttari byggð eins og þarna væri og að slíkar stöðvar væru aðgengilegri en hefðbundnar grenndarstöðvar með gámum á yfirborði. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg var lausum yfirborðsgámum komið fyrir á lóðinni árið 2024, þ.e. 18. júlí og í byrjun október, til söfnunar á textíl og skilagjaldsskyldum umbúðum. Eru yfirborðsgámarnir á þeim hluta lóðarinnar sem sýndur var auður á nefndum deiliskipulags-uppdrætti.

Af hálfu kæranda er vísað til þess að núverandi fyrirkomulag á lóðinni fari gegn gildandi deiliskipulagi, en grundvallar forsenda þess hafi verið að um niðurgrafna djúpgáma væri að ræða. Sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun hafi falist í því að staðsetja lausa gáma á lóðinni. Móttökustöð Sorpu við Ánanaust sé í nokkur hundruð metra fjarlægð frá grenndarstöðinni og sé þar tekið á móti bæði textíl og skilagjaldsskyldum umbúðum.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er vísað til þess að ekki hafi verið tekin ákvörðun í málinu sem kæranleg sé til úrskurðarnefndarinnar. Í öllu falli sé kæra í málinu þó of seint fram komin. Lausir yfirborðsgámar teljast ekki til mannvirkja í skilningi byggingarreglugerðar nr. 112/2012 en samkvæmt henni séu mannvirki hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli. Yfirborðsgámarnir séu því hvorki byggingarleyfis skyldir né tilkynningarskyldir samkvæmt gr. 2.3.1. og gr. 2.3.6. í byggingarreglugerð. Staðsetning lauss yfirborðsgáms geti ekki talist framkvæmdaleyfis skyld í skilningi skipulagslaga nr. 123/2010 og sé ekki háð stöðuleyfi, þar sem þess sé einungis krafist þegar gámi sé ætlað að standa utan skipulagðs svæðis fyrir slíka hluti, sbr. 9. tl. 60. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Um sé að ræða lóð sem sé í deiliskipulagi sérstaklega skilgreind fyrir þjónustu grenndarstöðvar, þ.e. hýsingu á söfnunargámum og sé staðsetning þeirra því í samræmi við notkun hennar. Loks er í umsögn Reykjavíkurborgar fjallað um skyldur sveitarfélaga til meðhöndlunar úrgangs.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um tvo söfnunargáma sem staðsettir hafa verið á lóð sem samkvæmt gildandi skipulagi er fyrir grenndarstöð og er af hálfu kæranda byggt á því að með því að koma þeim fyrir hafi verið tekin stjórnvaldsákvörðun. Í kjölfar þess að gámunum var komið fyrir á lóðinni átti kærandi í samskiptum við starfsmenn Reykjavíkurborgar. Í svari frá lögfræðingi á sviði stjórnsýslu og gæða 19. desember 2024 kom m.a. fram að heppilegt hefði verið að í grenndarkynningargögnum hefði komið fram að hugsanlega myndu ofanjarðargámar bætast við á síðari stigum og var þakkað fyrir ábendinguna. Þá kom fram að sú framkvæmd að bæta við lausum ofanjarðargámum á lóð sem skilgreind væri sem grenndarstöð teldist óveruleg enda samræmdist hún þeirri notkun sem lóðin væri skilgreind fyrir og krefðist framkvæmdin ekki deiliskipulagsbreytingar. Var og greint frá því að gámarnir yrðu ekki fjarlægðir.

Hinn 28. febrúar 2025 óskaði kærandi eftir því við Reykjavíkurborg að téðir gámar yrðu fjarlægðir ellegar yrði veittur frekari rökstuðningur og leiðbeint um kæruehimild. Var því erindi svarað 17. mars 2025 með vísan til fyrra svars og upplýst um að borgaryfirvöld hefðu ekki breytt afstöðu sinni og að kærandi gæti beint kvörtun til umboðsmanns Alþingis teldi hann stjórnsýsluframkvæmd borgarinnar ábótavant.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur nefndin það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Með þessu er vísað til ákvæðana um rétt eða skyldu einstaklinga sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Það verður ekki séð að í máli þessu sé slíkri ákvörðun til að dreifa, svo sem um staðsetningu gáma með veitingu stöðuleyfis.

Þrátt fyrir að í svörum borgaryfirvalda komi fram ákveðin afstaða til þess hvort staðsetning gáma samrýmist skipulagi verður því ekki jafnað saman við að fyrir liggi rökstudd afstaða til þess bærst stjórnvalds, en erindi kæranda hefur ekki verið afgreitt af byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Liggur því að svo stöddu ekki fyrir nein kæranleg ákvörðun í máli þessu sem bindur enda á málið í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og verður kærinni því vísað frá nefndinni.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Arnór Snæbjörnsson (sign)